

# REGLUR

## um garðaúðun.

### 1. gr.

Þeir einir mega í atvinnuskyni stunda úðun garða í einkaeign eða almenningseign með efnum eða efnasamsetningum í hættuflokkum X, A, B eða C, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984 með síðari breytingum, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sem til þess hafa leyfi Hollustuverndar ríkisins. Skulu þeir ávallt bera á sér leyfisskírteini við störf sín og framvísa þeim, þegar þess er óskað.

Hollustuvernd gefur út leyfisskírteini fyrir garðaúðun, sbr. fylgiskjal II, og tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og lögreglustjóra eða sýslumanni árlega miðað við 15. maí, nöfn, kennitölu og heimilisföng leyfishafa.

Leyfi má einungis veita þeim er fullnægja skilyrðum um menntun til að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X og A- hættuflokkum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. einnig ákvæði reglugerðar nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

### *Skilgreiningar.*

#### 2. gr.

Með garðaúðun er átt við úðun trjáa og runnagróðurs gegn skordýrum.

Með úðunarefni og garðaúðunarefni er átt við eiturefni, hættuleg efni eða önnur efni sem notuð eru til að úða tré og runna gegn skordýrum.

### *Tækjabúnaður.*

#### 3. gr.

Einungis er heimilt að nota tækjabúnað sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

### *Flutningur garðaúðunarefna.*

#### 4. gr.

Þegar garðaúðunarefni er flutt á úðunarstað eða á milli staða í tanki og í magni, er nemur 1 ltr. eða meiru af óþynntri lausn eða 25 ltr. eða meiru af þynntri úðunarlausn, skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

- Tankur skal tryggilega festur á flutningstæki.
- Óþynnt úðunarefni, ásamt áhöldum, er notuð eru við þynningu, skulu varðveitt í læstum skáp, sem festur er á vel vörðum stað á eða í flutningstæki. Lok tanks skulu vera þétt og það sterk, að tankur þoli að velta á hliðina án þess að úr honum leki.
- Þétt skilrúm skal vera milli tanks og stjórnhúss flutningstækis.
- Flutningstæki það sem flytur tankinn skal þannig merkt, að greinilega megi sjá að það flytji garðaúðunarefni. Skulu orðin „Varúð - Garðaúðun“ standa utan á bifreiðinni með greinilegu letri.

### *Varnaðarmiðar.*

#### 5. gr.

Áður en úðunin hefst skulu settir upp varnaðarmiðar, sbr. fylgiskjal I, á áberandi stöðum við alla innganga og stíga á því svæði er úða skal. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis, að regn eyðileggi ekki lesmál þeirra á meðan garðurinn er lokaður umferð. Eftirfarandi skal koma fram á varnaðarmiðum:

1. Yfirskrift með stóru lettri, er segir „Varúð - Garðauðun“.
2. Verslunarheiti þess efnis, er notað er og heiti virkra efna, er það inniheldur.
3. Nafn móteiturs ef þekkt.
4. Hversu lengi garðurinn skuli lokaður allri annarri umferð en bráðnauðsynlegri.
5. Tímasetning og dagsetning úðunar.
6. Setningin: Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur borist á fyrr en 14 dögum eftir garðauðun.
7. Nafn, heimilisfang og sími þess aðila, er framkvæmir úðunina.  
Stærð varnaðarmiðans skal vera minnst 14,8 x 10,5 cm (A6), hvítur eða ljós grunnur með rauðum bókstöfum. Stærð bókstafa skal vera þannig, að auðvelt sé að lesa það sem á miðanum stendur.

#### *Hlíðarbúnaður.*

##### 6. gr.

Um klæðnað, sem notaður er við blöndun og úðun efna og skolun tækja, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og nánari fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

#### *Framkvæmd garðauðunar.*

##### 7. gr.

Áður en garðauðun er framkvæmd skal leyfishafi meta þörfina fyrir úðun. Telji hann ekki þörf á úðun eða einungis þörf á úðun einstakra trjáa og runna, ber honum að upplýsa garðeiganda um það.

Áður en úðun hefst skal meta hættuna á því, að úðinn berist annað, en honum er ætlað. Gluggar skulu vera lokaðir og þvottur má ekki vera á snúrum. Barnavagna og laus leikföng skal setja á óhulta staði. Taka skal fullt tillit til nágrannagarða og umferðar fólks um gangstéttir. Einungis skal úða, þegar veður er nægilega kyrrt til þess að tryggt sé, að sem minnstur úði berist út fyrir garðinn. Sérstaklega skal gætt að því að úðinn falli ekki á matjurtir eða leiktæki barna.

Um blöndun úðunarefnisins skal fara eftir þeim fyrirmælum, er fram koma á leiðbeiningum umbúða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu, en þar er mælt fyrir um. Gæta skal þess að blanda ekki meira magn af úðunarefni en þörf er á.

Sjá skal til þess að engir óviðkomandi komist í námunda við úðunarbúnaðinn og garðinn, meðan á úðun stendur.

Að afloknu dagsverki skal ganga tryggilega frá tækjum og úðunarefnum. Skulu þau geymd í læstu geymsluhúsnæði þegar þau eru ekki í notkun. Ef ekki er unnt að geyma tækjabúnaðinn innandyra, skal ganga þannig frá tækjabúnaði að óviðkomandi geti ekki komist í snertingu við úðunarefni.

#### *Geymsla úðunarefna.*

##### 8. gr.

Óblönduð úðunarefni skal geyma í læstum skáp eða læstu hólfi í geymsluherbergi, fjarri mat- og fóðurvörum. Skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnarorðum „Varúð“, „Eitur“ o.s.frv. sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 50/1984 með síðari breytingum, um notkun eitrefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega stunda garðauðun og réttinda til að kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X og A-hættuflokkum.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með geymslum og tækjabúnaði þeirra sem heimild hafa til garðauðunar.

*Förgun íláta og losun úðunarefna.*

## 9. gr.

Bannað er að endurnota tæmd ílát. Skola skal tæmd ílát og skolvatnið notað til þynn-  
ingar í úðunarblönduna. Tómunum ílátum, óþynntum og þynntum úðunarefnum skal fargað  
í samræmi við upplýsingar á umbúðum eða í samræmi við ákvæði í mengunar-  
varnareglugerð nr. 48/1994. Skoluðum ílátum undan úðunarefnum í hættuflokkum B og  
C má farga með venjulegum úrgangi. Ílátum undan eiturefnum í hættuflokkum X og A  
og leifum af slíkum efnum skal fargað sem spilliefnum í samræmi við ákvæði mengunar-  
varnareglugerðar.

Bannað er að hella úðunarvökva, óþynntum eða þynntum í niðurföll, ár, vötn eða  
sjó.

*Eftirlit.*

## 10. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með  
framkvæmd þessara reglna að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um  
aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og því sem Vinnueftirliti ríkisins er falið  
sérstakalega samkvæmt reglum þessum.

*Viðurlög.*

## 11. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.  
Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

*Gildistaka.*

## 12. gr.

Reglur þessar, sem settar eru að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, með  
stoð í 16. gr. laga nr. 52/1988, með síðari breytingum, um eiturefni og hættuleg efni sbr.  
og 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, með síðari breytingum, um notkun eiturefna og  
hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, öðlast þegar gildi.  
Frá sama tíma falla úr gildi reglur um sama efni nr. 222/1984 með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. maí 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

*Dögg Pálsdóttir.*

Fylgiskjal I: Dæmi um varnaðarmiða

## Varúð - Garðaúðun

Úðunarefni: **Ambush**

Virk efni: **Permethrin (250 g/l)**

Mótefni: **Ekki þekkt**

Garðurinn skal vera lokaður allri  
**annari umferð en bráðnauðsynlegri**  
24 tíma eftir að úðun fór fram

Úðun fór fram; 10. júní 1994, kl. 18.00

Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur  
borist á fyrr en 14 dögum eftir úðun

**Garðaúðun Jónasar**

*Jónas Jónsson*

*Víðilundi 22, 116 Reykjavík*

*Sími 688561*

Fylgiskjal II: Tillaga að skírteini fyrir leyfi til að stunda garðaúðun

## Garðaúðun

Leyfisskírteini

Nafn .....

.....

Kennitala .....

Heimili .....

.....

.....

Sveitarfélag .....

Skírteini þetta veitir **leyfishafa** heimild til þess  
að stunda garðaúðun í atvinnuskyni, sbr. reglur  
nr. 238/1994 um garðaúðun.

Leyfisskírteini fyrst gefið út:

.....

Leyfisskírteini gildir til:

.....

Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við  
störf sín og framvísa persónuskilríkjum sé þess  
óskað.

Fylgiskjal III: Tillaga að umsóknareyðublaði fyrir leyfi til að stunda garðaúðun

## Umsókn um leyfisskírteini fyrir garðaúðun

Hér með sæki ég undirrituð/aður um leyfi til þess að stunda garðaúðun, sbr. reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, svo og reglur nr. 238/1994 um garðaúðun.

Nafn: ..... Kennitala .....

Heimili: .....

.....

Sveitarfélag: .....

Atvinna/stöðuheiti: .....

Heimasími/vinnusími: .....

Sótt um leyfi í fyrsta sinn:  Endurnýjun:

Menntun umsækjanda til þess að nota eiturefni: Þegar sótt er um í fyrsta sinn, skal senda afrit af prófskírteini eða námskeiðsskírteini.

Námskeið / skóli: .....

Hvenær lokið: .....

Staður og dags.: .....

Undirskrift umsækjanda .....

Til Hollustuverndar ríkisins  
Ármúla 1a  
Pósthólf 8080  
128 Reykjavík